



Reykjavík, 7. september 2015

Forystufræðsla KÍ haustið 2015. Fundarboð til fulltrúa í stjórnnum, nefndum og ráðum KÍ og aðildarfélaga, formanna svæða- og félagsdeilda/samráðsnefnda og starfsmanna KÍ.

Kæru félagar!

Fræðslunefnd KÍ stendur fyrir forystufræðslu í október næstkomandi fyrir forystusveit KÍ og aðildarfélaga og starfsmenn KÍ til að styðja fólk í starfi sínu fyrir kennarasamtökin.

Markmið forystufræðslunnar eru að:

- efla virkni og þátttöku í félagsstarfi
- efla þátttöku í og ábyrgð á framkvæmd stefnumála
- efla stéttarvitund

Forystufræðslan verður sem hér segir:

- Akureyri, miðvikudag 14. október, Hofi, Menningarhúsi, kl. 9:30-16:00. (Fyrir Norðurland og Austurland).
- Reykjavík, miðvikudag 21. október, Hvammi, Grand hóteli, kl. 9:30-16:00. (Fyrir höfuðborgarsvæði, Vesturland, Vestfirði, Suðurland, Suðurnes).

Í fundarboðinu er yfirlit yfir þær stjórnir, nefndir og ráð KÍ og aðildarfélaga sem forystufræðslan er hugsuð fyrir. Boðaðir eru aðalfulltrúar og varafulltrúar í forföllum þeirra, þar sem þeir eru fyrir hendi. Í fundarboðinu eru reglur KÍ um ferðakostnað.

Fyrir hádegi fer fram fræðsla um leiðtogafærni og forystu og einnig fræðsla um samfélagsmiðla og notkun þeirra í starfi KÍ og aðildarfélaga. Eftir hádegi verða skóla- og menntamál á dagskrá og fundurinn opinn fyrir alla. Dagskrá verður send út innan tíðar og nánari upplýsingar um fyrirkomulagið. Dagskrá og upplýsingar verða einnig á heimasíðu KÍ.

Fundurinn 21. október verður sendur út í streymi og er hægt að horfa á hann í hvaða nettengdri tölvu sem er. Þeir sem velja þann kost geta sent fyrirspurnir og ábendingar í tölvupósti til fundarstjóra meðan á fundi stendur.

Þið eruð beðin um að skrá ykkur strax á forystufræðsluna á þessari slóð:

<https://docs.google.com/forms/d/1BLCvwSJjtIXpHnG4itHNSeKP9JKp7eRunawxFuCoimU/viewform>

Mikilvægt er merkja við hvort þið komið á fundinn á Akureyri eða í Reykjavík eða hvort þið ætlið að taka þátt í fundinum í Reykjavík í streymi.

Með félagskveðju, f. h. fræðslunefndar KÍ
Aðalheiður Steingrímisdóttir, varaformaður KÍ

Yfirlit yfir stjórnir, nefndir og ráð KÍ og aðildarfélaga

KÍ: Stjórn, framboðsnefnd, skólamálaráð, kjörstjórn, skoðunarmenn reikninga, stjórn orlofssjóðs, stjórn vinnudeilusjóðs, stjórn sjúkrasjóðs, vinnuumhverfisnefnd, fræðslunefnd, jafnréttisnefnd, siðaráð, útgáfuráð.

Aðildarfélög: Stjórnir, samninganefndir, skólamálanefndir/fagráð, stjórnir símenntunarsjóða, formenn svæða- og félagsdeilda/samráðsnefndir.

Reglur KÍ um ferðakostnað

KÍ greiðir ferðakostnað þeirra sem búa utan höfuðborgarsvæðis og Akureyrar miðað við skemmstu mögulegu dvöl á þessum stöðum til að sækja fundina.

Flugferðir: Þeir sem koma með flugi eru beðnir um að bóka sjálfir flug á vefnum og greiða. Þeir sem búa lengra en 25 km frá flugvelli fá greiddan akstur umfram 25 km hvora leið. Þeir sem koma með flugi til Reykjavíkur fá greidda leigubíla innan Borgarinnar til og frá fundarstað. Mikilvægt er að bóka flug sem fyrst til að ná lágum fargjöldum.

Akstur á eigin bifreið: Þeir sem koma akandi á eigin bifreið og búa í meira en 25 km fjarlægð frá fundarstað fá greiddan akstur samkvæmt kílómetragjaldi og vegtoll (göng). Þeir sem eiga kost á flugi en kjósa að aka á eigin bifreið fá greidda upphæð sem nemur verði flugfarmiða að viðbættum akstri samkvæmt kílómetragjaldi að og frá flugvelli ef þeir búa í meira en 25 km fjarlægð frá flugvelli. Þeir sem búa á sama svæði eru beðnir um að sameinast í bíla eins og kostur er.

Áætlunarbílar og ferjur: Þeir sem ferðast með áætlunarbíl eða ferju fá greitt fargjald og leigubíl til og frá fundarstað.

Gisting: KÍ greiðir gistingu á **Fosshótel Barón, Reykjavík að hámarki kr. 8.400 á nótt** (einstaklingsherbergi með morgunmat). Á Akureyri greiðir KÍ annað hvort gistingu á **Hótel Norðurlandi að hámarki kr. 9.200 á nótt** (einstaklingsherbergi með morgunmat) eða á **hótel KEA að hámarki kr. 12.900 á nótt** (einstaklingsherbergi með morgunmat).

Þeim sem þurfa að gista er bent á eftirfarandi leiðir:

1. Bóka herbergi á þessum hótélum og nota hótélávísun frá orlofssjóði KÍ, sem þeir kaupa á orlofsvef sjóðsins á heimasíðu KÍ (ki.is).
2. Bóka sjálfir herbergi á Sóleyjargötu 25 eða 33 í Reykjavík á vef orlofssjóðsins á heimasíðu KÍ (ki.is).

Í báðum tilvikum eru orlofspunktur bakfærðir eftir á.

Á fundarstað skal fylla út ferðakostnaðareyðublað og láta kvittanir fyrir útlögðum kostnaði samkvæmt ofangreindum reglum fylgja með.